



HRUNAMANNAREPPUR

2. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2026 – 2030

10. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 18. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnar L. Jónsson, Daði Geir Samúelsson og Raket Ósk Kristófersdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Umhverfisnefnd: Fundargerð 16. fundar Umhverfisnefndar frá 3. júní 2026.

Lögð fram fundargerð 16. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og verðlaunahöfum ársins er óskað til hamingju með verðskuldaðar viðurkenningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 327. fundar skipulagsnefndar frá 10. júní 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní sl.

Lögð fram fundargerð 327. fundar skipulagsnefndar frá 10. júní 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 21. Langholtsskot: Landbúnaðarland í frístundabyggð; aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að hluti skipulagssvæðisins breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundasvæði. Jafnframt er legu meginreiðleiðar um svæðið breytt. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að óskað verði eftir því við Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 22. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 3. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní sl.

3. **Byggðasamlag UTU bs. Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 10. júní 2026.**
Lögð fram fundargerð 1. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. **Byggðasafn Árnesinga bs.: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 18. maí 2026**
Lögð fram fundargerð 22. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Listasafn Árnesinga bs.: Fundargerð stjórnar frá 8. júní 2026.**
Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **SASS: Fundargerð 636. fundar stjórnar frá 8. maí 2026.**
Lögð fram fundargerð 636. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **SASS: Fundargerð 637. fundar stjórnar frá 5. júní 2026.**
Lögð fram fundargerð 637. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fundargerð vorfundur 14. apríl 2026.**
-Breyting á samþykktum Héraðsnefndar, fyrri umræða.

Lögð fram fundargerð vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. ásamt tillögu að breytingu á samþykktum fyrir Héraðsnefnd Árnesinga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs. við fyrri umræðu. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

9. **Brunavarnir Árnessýslu bs.: Fundargerð aukaaðalfundur frá 14. apríl 2026.**
Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Brunavarna Árnessýslu bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. **Byggðasafn Árnesinga bs: Fundargerð aukaaðalfundar 14. apríl 2026.**
Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Byggðasafns Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. **Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 14. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Héraðsskjalasafns Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. **Listasafn Árnesinga bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 14. apríl 2026.**
Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Listasafns Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink: "BV", "DCS", "RK", "TLF", and a large "3B" or "BB" mark.

13. **Tónlistarskóli Árneseinga bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 14. apríl 2026.**
Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Tónlistarskóla Árneseinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

14. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 255. fundar frá 4. júní 2026.**
Lögð fram fundargerð 255. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

15. **Íþróttavika Evrópu 2026.**

Lagt fram bréf frá Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ vegna Íþróttaviku Evrópu sem haldin er ár hvert dagana 23.-30. september í yfir 40 Evrópulöndum. Hægt er að sækja um styrk til ÍSÍ fyrir framkvæmd viðburða í Íþróttavikunni.

Lagt fram til kynningar en erindinu er jafnframt vísað til Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Nú sem fyrr verður sótt um styrk vegna Heilsuviku Hrunamannahrepps en styrkur hefur fengist til verkefnisins undanfarin ár.

16. **Þátttaka í Evrópskri samgönguviku.**

Lagt fram bréf vegna Evrópsku Samgönguvikunnar sem haldin er dagana 16. – 22. september ár hvert.

Lagt fram til kynningar en erindinu er jafnframt vísað til Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar og Umhverfisnefndar.

17. **Yfirlit frá HMS vegna húsnæðis- og skipulagsmála.**

Lagt fram yfirlit frá Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun vegna stöðu húsnæðisuppbýggingar í sveitarfélaginu og verkefna sveitarstjórnar á sviði húsnæðis- og skipulagsmála.

Lagt fram til kynningar.

18. **Skýrsla vinnuhóps um öruggara Suðurland.**

Lögð fram skýrsla vinnuhóps um öruggara Suðurland um úti- og bæjarhátíðir á Suðurlandi.

Lagt fram til kynningar.

19. **Bréf frá Vegagerðinni frá 10. júní 2026.**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um fyrirhugaðar breytingar á þjónustu landsbyggðarvagna.

Lagt fram til kynningar en óskað hefur verið eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um það hvaða áhrif þessi breyting mun hafa á notendur í Uppsveitum Árnessýslu.

20. **Bréf frá SASS frá 15. júní 2026.**

Lagt fram bréf frá SASS um stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

Lagt fram til kynningar.

21. **Fundarboð á aðalfund SASS.**

Boðað er til aðalfundar SASS sem fram fer 25. júní n.k. auk aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Lagt fram til kynningar.

B
DGS
SR
RK
RLJ

22. Erindi frá HSK frá 12. maí 2026.

Lagt fram erindi frá HSK þar sem allar sveitarstjórnir og íþróttafélög á sambandssvæði HSK eru hvött til að taka virkan þátt í verkefninu *Allir með*, samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSÍ, UMFÍ og ÍF). Einnig er lögð fyrir þinggerð 104. Héraðspings HSK.

Lagt fram til kynningar en erindinu er jafnframt vísað til Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

23. Styrkbeiðni frá Klúbbnum Strók frá 13. maí 2026.

Lögð fram styrkbeiðni frá Klúbbnum Strók þar sem óskað er eftir stuðningi til þess að kaupa nýja skrifborðsstóla.

Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

24. Bréf frá The Hill Hótel frá 11. maí 2026.

Lagt fram bréf frá The Hill Hótel vegna möguleika á samstarfi vegna aðgangs hótelgеста að líkamsræktaraðstöðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og forstöðumanni íþróttamannvirkja að leggja fram tillögu í málinu á næsta fundi.

25. Reglur um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnað hjá Hrunamannahreppi.

Lögð fram tillaga að reglum um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnað hjá Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða og taka þær gildi þegar í stað.

26. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.

Lagðar fram siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi frá 2013.

Siðareglurnar eru lagðar fram skv. ákvæðum 29. gr. laga nr. 138/2011, sveitarstjórnarlög, en þar segir að ef siðareglur eru í gildi skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra. Ef niðurstaðan er sú að siðareglur þarfnist ekki endurskoðunar halda þær gildi sínu. Tilkynna skal ráðuneytinu um þá niðurstöðu. Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ekki sé ástæða til endurskoðunar á siðareglum kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi og verður ráðuneytinu tilkynnt um þá niðurstöðu.

27. Erindi vegna hækkunar virðisaukaskatts á baðlón, gögn frá Samtökum ferðapjónustunnar.

Lögð fram gögn vegna áforma um skattahækkun á ferðapjónustu en sérstaklega er þar fjallað um fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á baðlón.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi ályktun:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps lýsir verulegum áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á baðlón úr 11% í 24% frá og með næstu áramótum.

Baðlón eru mikilvægur hluti af íslenskri ferðapjónustu og hafa þau víða skapað verðmæt störf, aukið aðdráttarafl svæða og stutt við uppbyggingu í nærsamfélögum.

Í Hrunamannahreppi og nærliggjandi svæðum eru nokkur baðlón sem öll eru mikilvæg atvinnugrein og mikið aðdráttarafl fyrir svæðið í heild. Sveitarstjórn hefur áhyggjur af því að boðaðar breytingar, sem augljóslega veikja samkeppnisstöðu þessarar þjónustu, geti haft víðtæk áhrif á atvinnulíf, fjárfestingar, afkomu einstaklinga og sveitarfélaga.

BV
DGS

SB

RK

RLJ

Sveitarstjórn bendir á að þjónustuaðilar í ferðaþjónustu þurfa fyrirsjáanleika og stöðugleika í rekstrarumhverfi þar sem þjónustan er seld með löngum fyrirvara. Verð hafa í mörgum tilvikum þegar verið gefin út til stórra viðskiptavina og skuldbindingar myndast langt fram í tímann. Verði skattabreyting innleidd með skömmum fyrirvara getur það leitt til tekjutaps, hækkunar á verði til gesta, skertrar samkeppnishæfni og minni fjárfestingarvilja.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hvetur stjórnvöld til að hætta við fyrirhugaða hækkun og tryggja að mögulegar breytingar á skattaumhverfi baðlóna og ferðaþjónustu verði unnar í nánú samráði við atvinnugreinina og sveitarfélög. Að öðrum kosti er hætta á að skyndilegar breytingar valdi tjóni, svo sem óafturkræfri fækkun ferðamanna með tilheyrandi tekjutapi, sem erfitt getur reynst að vinna til baka.

Hér vék Daði Geir Samúelsson af fundi.

28. Umsókn um byggingarlóð.

Fyrir fundinum liggur ein umsókn um lóðina Iðjuslóð 6.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Samúel U. Eyjólfssyni kt. 040565-5749 og Probygg ehf kt. 700920-0460, 50% hvor, lóðinni Iðjuslóð 6 enda uppfylla umsækjendur skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.

Hér kom Daði Geir Samúelsson aftur til fundar.

29. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 1. júlí n.k. kl.15:00.

Mál til kynningar:

30. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 999. fundar frá 28. maí 2026.

Lagt fram til kynningar.

31. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 1000. fundar frá 9. júní 2026.

Lagt fram til kynningar.

32. Fundargerð aðalfundar EFS frá 27. maí 2026 ásamt ársreikningi.

Lagt fram til kynningar.

33. Fundargerð ársfundar Brákar íbúðafélags hses. frá 28.4.2026.

Lagt fram til kynningar.

34. Greinargerðir varðandi breytingar á lögum um heilbrigðiseftirlit.

Lagt fram til kynningar.

35. Ályktun Bárunnar stéttarfélags frá aðalfundi 2026.

Lagt fram til kynningar.

36. Ársskýrsla Félags eldri Hrunamanna 2026.

Lagt fram til kynningar.

37. Hvers virði er ferðaþjónusta í Hrunamannahreppi?

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:41

Rakel Ósk Kristófersdóttir
Daði Geir Samúelsson
Þarney Vignisdóttir


